

**62. Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 11. maí 2011 og hófst hann kl. 18:30.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, .

Dagskrá:

- 1. 1102052 - Endurskoðun á reglum leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla, Vindheima.**
Endurskoðaðar reglur leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla lagðar fyrir nefndina og hún yfirfarin. Hún samþykkt og send til hreppsnefndar til endanlegar afgreiðslu.
- 2. 1102053 - Samband íslenskra sveitarfélaga námskeið fyrir skólanefndir.**
Guðlaug saknaði þess að sjá ekki fleiri úr skólanefnd á námskeiðinu fyrir skólanefndir sem haldið var 2. maí 2011 í fjarfundi á Patreksfirði. Hún stakk upp á því að skólanefnd settist niður og færu saman í gegnum námsefnið var það samþykkt.
- 3. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Trausti fór yfir ýmislegt sem tengist skólastarfinu. Þemavika var haldin þar má nefna landafræði, þar t.d. elduðu krakkarnir mat frá öðrum löndum sem Bjarnveig matreiðlukennari stýrði og síðan leikja og þrautadagur sem var haldin undir góðri stjórn Kristínar Brynju leikfímiskennara. Nemendavernd Tálknafjarðarskóla hélt fund með Bugli. Einnig kom Trausti inn á ferðirnar sem skólakrakkarnir eru að fara í til Ítalíu, Litháen og útskriftarferð til Danmörku og allt klárt hvað þær varðar. Síðan er margt fleira spennandi framundan í skólastarfinu.
- 4. 1001015 - Önnur mál**
Guðlaug spurði eftir auglýsingum eftir kennurum og er búið að senda einu sinni út og verður önnur send á dögnum. Því miður hefur ekkert komið út úr þessari fyrstu auglýsingu. Formaður óskar eftir því að meiri kraftur verði settur í auglýsingar en innan velsæmismarka hvað kostnað varðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____